

Fréttatilkynning Ríkisútvarpsins ohf  
vegna aðalfundar 17. apríl 2008

**Stofnefnahagsreikningur Ríkisútvarpsins ohf 1. apríl 2007**

Allar tölur eru í milljónum króna

Fastafjármunir	4.405,8	Eigið fé	878,6
Veltufjármunir	<u>1.451,6</u>	Skuldir	<u>4.978,8</u>
Eignir alls	<u>5.857,4</u>	Eigið fé og skuldir	<u>5.857,4</u>

Eiginfjárlutfall er 15%.

**Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf 1. apríl – 31. ágúst 2007**

Allar tölur eru í milljónum króna

*Rekstrarreikningur 1. apríl – 31. ágúst 2007*

Rekstrartekjur	1.709,8
Rekstrargjöld	<u>1.605,0</u>
Hagnaður f. afskriftir	<u>104,8</u>
Afskriftir	<u>-109,1</u>
Rekstartap	<u>(4,3)</u>
Fjárm.tekjur og –gjöld	<u>(103,9)</u>
Tap tímabilsins	<u>(108,2)</u>

*Efnahagsreikningur 31. ágúst 2007*

Fastafjármunir	4.330,6	Eigið fé	770,4
Veltufjármunir	<u>1.847,1</u>	Skuldir	<u>5.407,3</u>
Eignir alls	<u>6.177,7</u>	Eigið fé og skuldir	<u>6.177,7</u>

Eiginfjárlutfall er 12,5%, veltufjárlutfall 1,12 og lausafjárlutfall 0,83.

Fyrsti aðalfundur Ríkisútvarpsins ohf var haldinn 17. apríl 2008. Á aðalfundinum var staðfestur stofnefnahagsreikningur félagsins miðað við 1. apríl 2007 og ársreikningur þess fyrir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst 2007.

Við stofnun Ríkisútvarpsins ohf var ekki gengið endanlega frá stofnefnahagsreikningi þess. Nú hefur það verið gert og var stofnefnahagsreikningurinn myndaður með þeim hætti að nýja félagið yfirtók í aðalatriðum eignir og skuldir gamla Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið ohf hóf starfsemi sína 1. apríl 2007. Á hluthafafundi 16. nóvember 2007 var ákveðið að breyta reikningsári þess úr almanaksárinu í 1. september til 31. ágúst. Jafnframt var samþykkt að fyrsta reikningstímabil félagsins yrði 1. apríl til 31. ágúst 2007 og fyrsta heila rekstrarárið 1. september 2007 til 31. ágúst 2008. Rökin fyrir breytingunni voru þau, að á haustin hefst dagskrá félagsins með vetrardagskrá sem

endist fram á vor þegar sumardagskráin tekur við. Þetta er hið eiginlega dagskrárár og því eðlilegt að reikningstímabilið fylgi því.

Þetta fyrsta reikningstímabil Ríkisútvarpsins ohf er aðeins fimm mánuðir og þar er fyrst og fremst verið að gera upp sumardagskrá. Þó fylgir einn mánuður af vetrardagskrá með. Á reikningstímabilið fellur ýmis sértækur kostnaður vegna breytts rekstrarforms, þar vegur þyngst 142 m.kr. gjaldfærsla biðlauna.